

RITSTJÓRASPJALL

HVERT SVEIGIST SVEIGJANLEIKINN?

AÐ UNDAFÖRNU hafa nokkrar umræður spunnist um styttri vinnuviku til að fólk geti varið meiri tíma með fjölskyldu sinni með fjölskylduvænt samfélag að leiðarljósi. Jarðvegurinn fyrir breytingar er til staðar, en þrátt fyrir að fjöldi vinnustunda hafi dregist saman á undanförunum árum er meðalvinnuvika hér á landi enn um 40 stundir. Í samanburði við önnur lönd OECD er jafnvægi ekki mikið á milli vinnu og frítíma. Jafnframt er framlegðin undir meðaltali í samanburðinum. Á hinn bóginn bendir margt til að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og meiri lífsgæða.



Tæp tíu ár eru síðan starfsmönnum ríkisins var tryggður réttur til sveigjanlegs vinnutíma með það að markmiði að samræma fjölskylduábyrgð og þátttöku í atvinnulífi. Hugsunin var sú að starfsfólk gæti hliðrað

sínum vinnutíma innan dagsins eða jafnvel á milli daga. Thamar Melanie Heijstra, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, hefur rannsakað samspil atvinnu og fjölskyldulífs með tilkomu sveigjanlegs vinnutíma á meðal akademískra starfsmanna. Þrátt fyrir að sveigjanlegur vinnutími sé jákvætt hugtak, líkt og styttri vinnuvika, þá hafa rannsóknir leitt það í ljós að sveigjanlegur dagvinnutími hefur í för með sér lengri vinnudaga. „Í raun flettir rannsóknin ofan af misskiptingunni milli kynjanna í samfélaginu. Á sama tíma og kynin segja að það ríki jafnrétti fellur ábyrgð heimilis og barna meira á konur á meðan mennirnir vinna fleiri stundir í vinnunni. Konur hafa ekki eins mikið val yfir hvernig þær verja sínum tíma,“ segir Thamar. „Það er mikil pressa á að konur eigi að nýta tímann sinn vel og þær eru stöðugt að bæta við sig menntun, ásamt því að vera fullkomnir starfskraftar og reka fyrirmyndar heimili. Þannig er



ekkert óalgengt að þær séu í fullri vinnu og námi, stundi líkamsrækt og eldi hollan mat auk þess að eiga nokkur börn,“ að sögn Thamar.

Út frá þessari niðurstöðu veltir maður því fyrir sér hvert sveigjanleikinn sveigir! Kunnnum við ekki lengur að eiga tíma fyrir sjálf okkur, tíma til að gera ekki neitt og leyfa bara huganum að reika? Kunnnum við ekki lengur að slaka á? Vinsældir núvitundarnámskeiða endurspeгла vafalaust það að við þurfum að læra að vera hér og nú, læra að njóta. Í viðtali við Eddu Marý Óttarsdóttur skurðhjúkrunarfræðing í þessu tölublaði,

Það eru vafalaust fáir sem syrgja það á dánarbeðinu að hafa ekki unnið meira. Líklegra er eftirsjáin fremur eftir því að hafa ekki varið meiri tíma með fjölskyldu og vinum, og notið þess að hafa jafnvægi á milli heimilislífs og vinnu og eiga tíma fyrir sjálfan sig.

sem hefur verið búsett í Noregi undanfarin fimm ár, segir hún helsta muninn á því að búa í Noregi vera lífsgæðin. Þar í landi er vinnuvikan styttri og þörfin fyrir skert starfshlutfall er þar af leiðandi ekki eins mikil og hér. Edda Marý bendir einnig á að styttri vinnuvika hjá svokölluðum kvennastéttum er líka ákveðið skref í átt að kynjajafnrétti, því töluvert algengara er að konur eru í skertu starfshlutfalli. Þannig er meirihluti hjúkrunarfræðinga – með konur í meirihluta – í

skertu starfshlutfalli hér á landi. Það að vera í skertu vinnuhlutfalli hefur óhjákvæmilega áhrif á orlofsgreiðslur ýmiss konar, og þegar starfsævi lýkur verður ellilífeyririnn skertur, líkt og Edda Marý bendir jafnframt á.

Það eru vafalaust fáir sem syrgja það á dánarbeðinu að hafa ekki unnið meira. Líklegra er eftirsjáin fremur eftir því að hafa ekki varið meiri tíma með fjölskyldu og vinum, og notið þess að hafa jafnvægi á milli heimilislífs og vinnu og eiga tíma fyrir sjálfan sig.

